

Umsögn
um frumvarp til laga
um atvinnuleysistryggingar
(bótaréttur fanga)

121. mál, lagafrumvarp
146. löggjafarþing 2016–2017.

Mars 2017

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, telur að með frumvarpinu sé stigið jákvætt skref. Hafi einstaklingar sem losna úr afplánun bótarétt, og þar með örugga framfærslu, eru þeir líklegri til að snúa við blaðinu, leita sér að atvinnu og húsnæði. Félagið vill engu að síður taka eftirfarandi fram.

Frumvarpið á rót sína að rekja til 116. löggjafarþings en þá flutti minnihluti heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis breytingatillögu við frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993. Var lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar yrði breytt til hagsbóta fyrir þá sem koma atvinnulausir úr fangelsi en tillagan var felld.

Þá var það kostnaðurinn við samþykkt tillögunnar sem sat í þingmönnum og vafalítið mun sú umræða skjóta kollinum upp að nýju fái mál þetta efnislega meðferð þingsins.

Margrét Frímansdóttir, þáverandi þingmaður og fyrrverandi forstöðumaður fangelsisins Litla-Hrauni, flutti á 117. löggjafarþingi frumvarp sem var samhljóða breytingatillögu heilbrigðis- og trygginganefndar. Þegar hún mælti fyrir frumvarpinu sagði hún: „Ég vil biðja háttvirta þingmenn að íhuga vel hvort unnt er að meta til fjár þann ávinning sem fengist ef samþykkt þessa frumvarps gæti orðið til þess að koma í veg fyrir að fyrrum refsivistarfangi fari aftur inn á braut lögbrota. Einnig ættu menn að hugleiða hvort ekki sé rétt að gera það sem hægt er til að svo verði ekki.“

Afstaða tekur undir orð Margrétar og hvetur þingmenn til að kynna sér ræðu hennar

Um 1. gr.

Hér er lagt til að allir fangar sem eru í gæsluvarðhaldi eða afplánun hafi rétt á atvinnuleysisbótum að nokkrum skilyrðum uppfylltum, eins og að hafa stundað vinnu, nám eða starfsþjálfun í ákveðinn tíma allan tímann. Þá er lagt til að Fangelsismálastofnun ríkisins staðfesti slíkt fyrir hvern einstakling með skjali.

Afstaða bendir á að erfitt sé að láta menn uppfylla skilyrði ákvæðisins með þeirri vinnu sem stendur til boða í fangelsum. Sökum aðstæðna í fangelsunum er til dæmis ekki vinnu fyrir alla að hafa. Framboð starfa er breytilegt eftir fangelsum og fá fangar ekki að ráða því sjálfir í hvaða fangelsum þeir afplána refsingu sína.

Eðlilegra væri því að fyrirkomulagið gildi um þá fanga sem skuldbinda sig til að vinna hvort sem vinnu er að hafa eða ekki. Að sama skapi myndi rétturinn falla niður hafni þeir vinnu þegar hún býðst.

Hvað gæsluvarðhaldsfanga varðar þá væri að mati Afstöðu eðlilegra ef undanfarandi gæsluvarðhald teldist til afplánunar í þessu sambandi ef afplánun kemur í beinu framhaldi og viðkomandi hefur ekki verið frjálfs maður á milli gæsluvarðhalds og afplánunar.

Gæsluvarðhaldsfangar eru í þeirri einkennilegu stöðu í réttarkerfinu að vera sviptir frelsi ódæmdir og þar með saklausir lögum samkvæmt. Þeir ættu því eðlilega að halda fullum rétti á bótum á meðan gæsluvarðhaldi stendur, enda mýmörg dæmi um að saklausir einstaklingar sæti gæsluvarðhaldi.

Í þessu sambandi má benda á að í Danmörku taka sveitarfélögin yfir allar skuldbindingar þessara manna og greiða af þeim þar til gæsluvarðhaldi líkur. Þannig er komið í veg fyrir að saklausir menn eigi það á hættu að missa allt sitt vegna þess að þeir hafa sætt gæsluvarðhaldi um tíma.

Um 53. gr. laga nr. 54/2006

Afstaða leggur til að ákvæði 53. gr. laganna falli brott enda stangast efni þess á við tilgang frumvarpsins. Óbreytt hljóðar greinin á þessa leið: „Hver sá sem hefur verið sviptur frelsi sínu með dómi telst ekki tryggður samkvæmt lögum þessum á þeim tíma er hann tekur út refsingu sína í fangelsi. Hið sama á við um þann sem hefur verið sviptur frelsi sínu með úrskurði dómara eða tekur út refsingu sína í samfélagsþjónustu.“

Almennt

Verulega hátt hlutfall fanga í afplánun er öryrkjar og hefur svo verið á umliðnum árum. Telja má öruggt að hlutfallið sé um eða yfir 50% og ástæða þess, að mati Afstöðu, er að á Íslandi er rekin refsistefna en ekki betrunarstefna. Íslensk fangelsi eru lítið annað en geymslustöðvar fyrir fólk sem farið hefur út af sporinu og fáir koma betri úr afplánun. Endurkomutíðni á Íslandi er mjög há eða 54% hjá þeim sem koma í annað skipti í fangelsi en 37% hjá þeim sem koma þrisvar eða fleiri skipti. Það er langhæsta endurkomutíðni á Norðurlöndunum.

Afstaða telur það í raun litlu máli skipta hvort fangar fái atvinnuleysisbætur eða örorkubætur þegar afplánun lýkur ef ekki fylgir heildstæð aðgerðaráætlun í fangelsismálum. Þótt frumvarp þetta sé jákvætt er það plástur og hann hylur ekki allt sárið.

Til þess að frumvarpið hafi þá virkni sem flutningsmenn virkilega vilja þarf að koma á fleiri störfum í fangelsi, skipulagðra bóknámi, verknámi og starfsþjálfun. Í dag er hvorki verknám né starfsþjálfun í boði í fangelsunum og atvinna af skornum skammti. Sú vinna sem býðst er aðallega að sópa gólf og þvo þvott. Öllum er ljóst að það eru ekki störf sem gagnast mönnum þegar út í frelsið er komið.

Sem áður segir þá er með frumvarpinu vissulega stigið jákvætt skref en þau þurfa að vera fleiri og stærri til þess að þetta verði ekki bara enn eitt frumvarpið sem lítur vel út á pappír en hefur lítil raunveruleg áhrif í átt til betrunarstefnu.

Ég lýsi mig tilbúinn til þess að mæta á fund nefndarinnar til þess að fara yfir umsögnina ef ég verð boðaður til þess, en þá þarf boðun að vera send pw@fangelsi.is og formadur@afstada.is í cc. tímanlega.

Grundarfjörður, 27. mars 2017.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

Breytingartillaga

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður á ávinnslutímabili skv. 15. gr. afplánað refsivist, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og stundað vinnu, nám eða starfsþjálfun til samræmis við lög um fullnustu refsinga, og skal hann þá teljast tryggður samkvæmt lögum þessum eins og hann hefði verið í launaðri vinnu á sama tímabili, enda uppfylli hann önnur skilyrði til þess að teljast tryggður samkvæmt lögum þessum, þrátt fyrir e-lið 1. mgr. Takist fangelsi ekki að útvega starf nægir skrifleg skuldbinding refsifanga um að hann skuli takast á hendur starf þegar það býðst til þess að fullnægja skilyrðum ákvæðisins um að hafa stundað vinnu. Vottorð frá Fangelsismálastofnun þessu til staðfestingar skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur.

2. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „3. mgr. 13. gr.“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: 4. mgr. 13. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.